



Þingnefnd 2 – Vél- og rafeindatækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu

Þingnefndartillaga

Tækni á sviði vélbúnaðar, rafeindabúnaðar og hugbúnaðar hefur fleygt hratt fram á undanförunum áratugum og hraði þróunarinnar fer síst minnkandi. Íslensk fyrirtæki hagnýta þessa tækni með ýmsum hætti, einkum í atvinnugreinum sem standa styrkum stoðum héraðs, s.s. sjávarútvegi og matvælavinnslu.

Með eftirfarandi ályktunum Hátækni- og sprotapíngs 2009 er hvatt til þess að innviðir menntunar, rannsókna og stuðnings við atvinnulíf taki í auknum mæli mið af þörfum þeirra atvinnugreina sem hafa sannað gildi sitt á Íslandi, og þá einkum atvinnugreina sem tengjast sjávarútvegi og matvælavinnslu. Jafnframt er bent á að þessar atvinnugreinar eru óþrjótandi uppspretta verðugra verkefna til rannsókna, kennslu og þjálfunar fyrir atvinnulíf 21. aldarinnar.

1. Menntun og rannsóknir háskóla taki í auknum mæli mið af viðfangsefnum og þörfum lykilgreina í atvinnulífi á Íslandi hverju sinni

Þótt fjölmörg og áhugaverð tækifæri séu til kennslu og rannsókna í greinum tengdum sjávarútvegi og matvælavinnslu hafa mennta- og rannsóknastofnanir ekki fullnýtt sér þau viðfangsefni sem þar bjóðast. Þannig hefur tækniþróun farið fram í atvinnulífinu án þess að mennta- og fræðastarf hafi stutt það eða nýtt þaðan viðfangsefni að því marki sem unnt væri. Þar má nefna sem dæmi starfsemi sem tengist þróun og framleiðslu búnaðar til fiskveiða, fiskvinnslu og almennrar matvælavinnslu. Í þessum greinum hafa orðið til á Íslandi öflug fyrirtæki sem hafa þróað þær með tækninýjungum, en tengsl kennslu eða rannsókna á vegum háskólanna í landinu hafa oft verið lítil við þessi viðfangsefni.

Mikilvægt er að fjármagni og áherslum í rannsóknum og kennslu sé ekki síður beint til þeirra greina sem sannað hafa gildi sitt fyrir verðmætasköpun á Íslandi en annarra, þar sem skírskotun til íslensks atvinnulífs eða tækifæra þar er síður sýnileg.

2. Þekkingarsetur um tækni fyrir íslenskt atvinnulíf

Rannsóknastofnanir atvinnulífsins gegndu mikilvægu hlutverki á þeim tíma er tæknistig atvinnulífsins var lægra en nú er. Á undanförunum árum hafa fyrirtæki í auknum mæli tæknivæðst, menntunarstig innan þeirra hefur aukist og ýmis tækni hefur gert þau sjálfbærari um að afla sér þekkingar.

Engu að síður er mikilvægt að á Íslandi séu til staðar innviðir til rannsókna og almenn þekking, sem atvinnulífið geti leitað til. Meðal innviða má nefna aðstöðu til mælinga, tilrauna og prófana, t.d. í efnistækni, prófunum vélhluta og matvælaframleiðslu. Þá má benda á þörf héraðs á þekkingu efnistækni og ýmiss konar framleiðslutækni. Sum þessara atriða má finna innan opinberra stofnana eða fyrirtækja, en önnur eru að litlu leyti eða alls ekki til staðar héraðs. Bent er á að í mörgum tilvikum gætu þessi atriði átt samleið með háskólarannsóknum og kennslu en svo er ekki reynd.

Ekki er tekin hér afstaða til þess hvar þekkingarsetur um tækni fyrir íslenskt atvinnulíf ættu heima, en fyrir liggur að þörf er fyrir þekkingu og aðstöðu til þróunar hennar á tilteknum sviðum.



Til viðbótar þessum atriðum er gert ráð fyrir að þátttakendur í þingnefndinni ræði, og bæti hugsanlega við, fleiri málum í ályktunina. Hér eru sett fram nokkur atriði til skoðunar í hópnum:

- **Mikilvægi samstarfs**

Gagnlegt væri ef háskólar kæmu meira að samstarfi við atvinnulífið og stofnanir. Þar liggja tækifæri í rannsóknum og kennslu, sem væru nemendum mikils virði.

- **Tenging mismunandi faggreina**

Nefna má verkfræði, matvælafræði, tölvunarfræði, markaðsfræði og hönnun. Með tengingu þessara greina í verkefnum má ná fram ávinningi sem skilar sér í árangri við vöruþróun og markaðssetningu.

- **Skattaafsláttur af þróunarverkefnum**

Til umræðu eru um þessar mundir tillögur þar sem ætlunin er að fyrirtæki geti sótt um skattaafslátt á kostnaði sem fellur til við tiltekin þróunarverkefni. Þessu máli gæti þinghópurinn sérstaklega fylgt eftir með ályktun.

- **Styrkir til markaðsátaks**

Hjá mörgum fyrirtækjum, einkum ungum sprotafyrirtækjum, er svigrúm til markaðssóknar takmarkað. Til greina kemur að styðja afmörkuð markaðsátaksverkefni, t.d. gegnum Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Útflutningsráð eða Tækniþróunarsjóðs.

Þessi og önnur atriði eru til umræðu hjá þinghópnum sem fjallar um vél- og rafeindatækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu.